

GJALDSKRÁ

fyrir Hirðu, móttöku- og flokkunarstöð úrgangs í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Innheimt verður fyrir móttöku úrgangs sem hér segir:

Almenningur greiðir einungis fyrir úrgang sem ekki getur talist falla til við daglegan heimilisrekstur. Það á til dæmis við um: Úrgang frá byggingu eða breytingu íbúðarhúsnæðis og lóða, svo sem timbur, grófan og blandaðan úrgang.

Atvinnurekstur skal ávallt greiða fyrir móttöku alls úrgangs að undanskildum þeim úrgangsflokkum sem bera úrvinnslu- eða skilagjald.

Stærð farms:	0,25 (1/4) m ³	0,50 (1/2) m ³	0,75 (3/4) m ³	1 m ³
Gjald:	3.240 kr.	6.405 kr.	9.265 kr.	12.845 kr.

Tekið er við spilliefnum án endurgjalds.

Starfsmaður Hirðu metur magn úrgangs og skrifar nótu á staðnum, þar sem hann og komuaðili kvitta báðir undir magn og gerð úrgangs.

2. gr.

Úrgangur án gjalds flokkaður án aðskotahluta.

Fyrirtæki og almenningur geta skilað öllu endurvinnsluefni til Hirðu gjaldfrítt.

Hafi almenningur ekki kost á að koma á opnunartíma er hægt að skila eftirtöldum úrgangi í lúgur á girðingu Hirðu:

- Pappír og pappi*: s.s. dagblöð, tímarit, auglýsingabæklingar, skrifstofupappír, umslög, fernur, morgunkornspakkar, kartonpappír, hólkar innan úr salernispappír, eggjabakkar úr pappa o.fl.
- Bylgjupappi*: pappakassar, pítsukassar o.fl.
- Plast*: sjampóbrúsar, tómatsósubrúsar, skyrdósir, plastbakkar undan matvælum, plastfilma, plastpokar ýmiss konar, t.d. utan af brauði, o.fl.
- Málmar*: niðursuðudósir, álpappír, álbox af sprittkertum o.fl.
- Gler og keramik*: smærri hlutir, s.s. blómapottar, ýmislegt gler o.fl.
- Smá raftæki og rafeindatæki*: s.s. brauðristar, hárbłasárar, útvörp, símar o.fl.

Úrgangur skal vera án aðskotahluta og skola og hreinsa þarf burt allar efnaleifar áður en skilað er í lúgur. Áriðandi er að minnka ummál umbúða með því að brjóta saman fernur, öskjur og kassa.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var á 385. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra 14. nóvember 2024 samkvæmt ákvæðum samþykktar um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu Húnaþingi vestra nr. 633/2012 og skv. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

4. gr.

Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2025. Jafnframt er felld brott gjaldskrá sama efnis nr. 1319/2023.

Húnaþingi vestra, 3. desember 2024.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir sveitarstjóri.